

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. júlí 1975

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971
um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna
ökutækja og eftirvagna þeirra

(75/524/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽¹⁾ frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviturkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, eins og henni var breytt með viðauka í lögum ⁽²⁾ um innngöngu nýrra aðildarríkja í EBE og KBE sem undirrituð voru í Brussel 22. janúar 1972, einkum 11., 12. og 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/320/EBE ⁽³⁾ frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, eins og henni var breytt með viðauka í lögum ⁽⁴⁾ um innngöngu nýrra aðildarríkja í EBE og KBE sem undirrituð voru í Brussel 22. janúar 1972, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilskipun 74/132/EBE ⁽⁵⁾ frá 11. febrúar 1974 hefur framkvæmdastjórnin samþykkt ákvæði um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 sem getið er um hér að framan. Ákvæðin varða eingöngu þrýstingsjöfnunarbúnað fyrir hemla og því ekki skilyrði

um samræmi. Svo komast megi hjá ákveðinni samsetningu ökutækja (dráttartæki og ökutæki sem eru dregin) sem ekki er líklegt að geti tryggt fullt öryggi með tilliti til hemlunar skulu ákvæðin falla undir skilyrði um samræmi á milli dráttartækja og ökutækja sem eru dregin. Vegna tækniframfara er nú ekki einungis unnt að samþykkja ákvæði um samræmi heldur einnig að þau séu framkvæmd á réttan hátt.

Ákvæði varðandi samræmiskröfur, sem fjallað er um í viðaukanum við tilskipun ráðsins 74/132/EBE, kalla á breytingar á ákvæðum varðandi búnað sem gerir kleift að láta hemlaþrýsting samrýmast hleðslunni.

Ákvæði varðandi læsivarnarbúnað hjóla verða samþykkt síðar. Þar til þau ákvæði taka gildi er því nauðsynlegt að ákvæði þessarar tilskipunar nái yfir ökutæki úr öllum flokkum, að ökutækjum í flokkum O₁ og O₂ undanskildum, þótt þau séu búin læsivarnarbúnaði á hjólum.

Tilskipun þessi kveður á um að breytt ákvæði taki gildi innan skamms og eftir það er ekki lengur heimilt að fara eftir ákvæðum 2. og 3. málsgreinar í 2. gr. tilskipunar ráðsins 74/132/EBE.

Ákvæði tilskipunar þessarar eru í samræmi við álit nefndar sem sér um að lagla, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunar til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með vélknúin ökutæki.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 73, 27. 3. 1972, bls. 115 og 157.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 73, 27. 3. 1972, bls. 118, 119 og 158.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 74, 19. 3. 1974, bls. 7.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

2. og 3. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 74/132/EBE frá 11. febrúar 1974 um aðlögun, í samræmi við tækniframfarir, á tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra er rift frá þeim degi sem þessi tilskipun tekur gildi.

2. gr.

1. I., II. og IX. viðauki við tilskipun ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 74/132/EBE frá 11. febrúar 1974 er breytt í samræmi við viðauka þessarar tilskipunar.

2. Þar til sérstakar kröfur um læsivarnarbúnað hjóla taka gildi skulu ökutæki í flokkum M₁, M₂, M₃, N₁, N₂, N₃, O₃ og O₄ sem eru með slíkum búnaði samrýmast forskriftum þessarar tilskipunar.

3. gr.

1. Frá og með 1. janúar 1976 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða hemlabúnað:

- að synja um EBE-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða
- banna að ökutæki verði tekið í notkun

ef hemlabúnaður þessarar gerðar ökutækis eða þessara ökutækja er í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. október 1976:

- skulu aðildarríkin ekki lengur gefa út skjalið sem getið er um í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 fyrir gerð ökutækis ef hemlabúnaður þess er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 71/320/EBE frá 26. júlí 1971, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.
- skulu aðildarríkin synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis ef hemlabúnaður þess er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

3. Frá og með 1. október 1976 getur aðildarríki bannað að ökutæki verði tekið í notkun ef hemlabúnaður þess er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971, eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

4. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1976 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 1975.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Francois-Xavier ORTOLI

forseti.

VIÐAUKI

**Breytingar á viðaukum tilskipunar ráðsins 71/320/EBE
frá 26. júlí 1971**

I. VIÐAUKI: SKILGREININGAR, KRÖFUR UM SMÍÐI OG UPPSETNINGU

Liður 2.2.1.12.2 verði svohljóðandi: Þegar hlutar í vökvayfirfærslukerfi bíla skal ökumanni gert viðvart með búnaði sem samanstendur af rauðu gaumljósi sem lýsir ekki seinna en við það að stjórnbúnaður er virkjaður. Búnaður sem í er rautt gaumljós sem lýsir þegar vökvayfirborð í geymum fellur niður fyrir það gildi sem framleiðandi mælir fyrir um er þó leyfilegur. Gaumljósið skal vera sýnilegt jafnvel í dagsbirtu. Ökumaður verður að geta sannprófað á auðveldan hátt hvort ástand ljóssins sé fullnægjandi. Bilun í fhluta búnaðarins má ekki leiða það af sér að virkni hemlabúnaðarins sem um er að ræða falli alveg niður.

II. VIÐAUKI: HEMLAPRÓFUN OG AFKÖST HEMLABÚNAÐAR

Liður 1.1.3.4. verði svohljóðandi Með fyrirvara um kröfurnar í lið 1.1.4.2 hér á eftir, skal yfirborð vegarins hafa gott veggrip.

Á eftir lið 1.1.4.1 bætist við liður

1.1.4.2. Hegðun ökutækja í flokkum M_1 , M_2 , M_3 , N_1 , N_2 , N_3 , O_3 og O_4 á vegaryfirborði með lítið veggrip skal uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í viðbætinum.

Viðbætur (sjá 1.1.4.2): JÖFNUN HEMLUNARÁTAKS Á MILLI ÁSA ÖKUTÆKISINS**1. ALMENNAR KRÖFUR**

Ökutæki í flokkum M_1 , M_2 , M_3 , N_1 , N_2 , N_3 , O_3 og O_4 skulu uppfylla skilyrðin í viðbætinum. Ef sérstakur búnaður er notaður skal hann vera sjálfvirkur.

2. TÁKN

i	=	ásstuðull ($i = 1$, framás; $i = 2$, annar ás o.s.frv.)
P_i	=	eðlileg gagnverkun vegaryfirborðs á ás i í kyrrstöðu
N_i	=	eðlileg gagnverkun vegaryfirborðs á ás i við hemlun
T_i	=	hemlunarkraftur á ás i við eðlileg hemlunarskilyrði á vegi
f_i	=	T_i/N_i , veggrip á ás i ⁽¹⁾
J	=	hraðaminnkun ökutækis
g	=	þyngdarhröðun $g = 10 \text{ m/s}^2$

⁽¹⁾ Veggripsferill á ás er ferill sem sýnir veggrip á ás i sem fall af hemlunarhlutfalli ökutækis við tilgreind skilyrði.

z	=	hemlunarhlutfall ökutækis = $J/g^{(1)}$
P	=	þyngd ökutækis
h	=	hæð þungamiðju
E	=	hjólhaf
k	=	viðmiðunarstuðull veggrips milli hjólbarða og vegar
K_c	=	leiðréttingarstuðull — festivagn með hleðslu
K_v	=	leiðréttingarstuðull — festivagn án hleðslu
TM	=	samanlagðir hemlunarkraftar við jaðar hjóla dráttartækis fyrir eftirvagn eða festivagn
PM	=	heildarstöðuáhrif milli yfirborðs vegar og hjóla dráttartækis fyrir eftirvagn eða festivagn eins og um getur í liðum 3.1.4 og 3.1.5
P_m	=	þrýstingur við slöngutengi stýrileiðslu
TR	=	samanlagðir hemlunarkraftar við hringferil hjóla eftirvagns eða festivagns
PR	=	heildarstöðuáhrif yfirborðs vegar á hjól eftirvagns eða festivagns
PR_{max}	=	gildið PR við hámarksþyngd festivagns
E_R	=	fjarlægð á milli tengipinna og miðlínu áss eða ása festivagns
h_R	=	hæð þungamiðju festivagns frá jörðu

3. KRÖFUR FYRIR VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI

3.1. Tvíása ökutæki

3.1.1.⁽²⁾ Í öllum flokkum ökutækja gildir eftirfarandi k -gildi á milli 0,2 og 0,8:

$$z \geq 0,1 + 0,85(k - 0,2)$$

Við öll hleðsluskilyrði ökutækis skal ferill fyrir nýtanlegt veggrip framáss liggja hærra en ferill fyrir afturás:

— við öll hemlunarhlutföll á milli 0,15 og 0,8 þegar um er að ræða ökutæki í flokki M_1 .

Fyrir ökutæki í þessum flokki er þó leyfilegt að því er varðar svið z -gilda á milli 0,3 og 0,45 að ferlarnir fyrir nýtanlegt veggrip snúist við svo fremi að ferill fyrir nýtanlegt veggrip afturáss fari ekki meira en 0,05 yfir línu sem skilgreind er með formúlunni $k = z$ (lína yfir ákjósanlegt nýtanlegt veggrip — sjá skýringarmynd 1 A);

— við öll hemlunarhlutföll á milli 0,15 og 0,30 þegar um er að ræða ökutæki í öðrum flokkum. Þetta skilyrði er einnig talið uppfyllt ef ferlar fyrir nýtanlegt veggrip á hvern ás á milli 0,15 og 0,30 liggja á milli tveggja beinna lína sem eru samsíða línu fyrir ákjósanlegt nýtanlegt veggrip sem er gefið með jöfnunni $k = z \pm 0,08$ eins og sýnt er á skýringarmynd 1 B og ef ferill fyrir nýtanlegt veggrip afturáss fyrir hemlunarhlutfallið $z \geq 0,3$ uppfyllir skilyrðið.

$$z \geq 0,3 + 0,74(k - 0,38)$$

3.1.2. Þrýstingur við slöngutengi stýrileiðslu vélknúins ökutækis sem hefur heimild til að draga eftirvagn með lofthemlum má ekki verða fyrir áhrifum frá notkun búnaðar sem jafnar þrýsting á ása dráttartækisins.

⁽¹⁾ Á festivögnum er z hemlunarkraftur deilt með stöðupunga áss/ása eftirvagnsins.

⁽²⁾ Ákvæði liðar 3.1.1 hafa ekki áhrif á kröfurnar í II. viðauka varðandi skilvirkni hemlunar. Ef skilvirkni hemlunar sem næst er meiri en mælt er fyrir um í II. viðauka skal þó, þegar ákvæði liðar 3.1.1 eru sannprófuð, beita ákvæðum varðandi feril fyrir nýtanlegt veggrip innan svæðisins á skýringarmynd 1A og 1B sem skilgreint er með beinum línunum $k = 0,8$ og $z = 0,8$.

- 3.1.3. Svo sannprófa megi kröfurnar í lið 3.1.1 skal framleiðandi leggja fram feril fyrir nýtanlegt veggrip fyrir fram- og afturás, sem reiknuð er með formúlunum:

$$f_1 = \frac{T_1}{N_1} = \frac{T_1}{P_1 + z \frac{h}{E} P} \quad f_2 = \frac{T_2}{N_2} = \frac{T_2}{P_2 - z \frac{h}{E} P}$$

- 3.1.4. Ökutæki önnur en dráttartæki fyrir festivagna.

- 3.1.4.1. Draga skal ferla fyrir eftirfarandi hleðsluskilyrði:

- án hleðslu, tilbúið til aksturs með ökumann innanborðs;
- með hleðslu. Þegar ákvæði eru um margskonar dreifingu á hleðslu skal gera ráð fyrir þeim kosti þar sem mest álag er á framás.

Framleiðandi tilgreinir hæð þungamiðju

Þegar um er að ræða ökutæki með lofthemlum hvort sem það er eftirvagn eða vélknúð ökutæki sem hefur heimild til að draga eftirvagn, skal ferillinn sem sýnir hemlunarhlutfallið TR/PR eða TM/PM sem fall af þrýstingnum p_m vera innan þeirra svæða sem sýnd eru á skýringarmynd 2.

- 3.1.5. Dráttartæki fyrir festivagna.

- 3.1.5.1. Dráttartæki með óhlaðinn festivagn

Vagnalest án hleðslu er dráttartæki, tilbúið til aksturs, með ökumann innanborðs og tengt við festivagn án hleðslu. Hreyfiálag festivagnsins á dráttartækið skal táknað með stöðuþyngd sem beitt er á tengipinnann og er jöfn 15% af hámarksþyngd á tengi.

Á dráttartækjum án hleðslu skal hæð þungamiðju vera sú sem framleiðandi tilgreinir. Hemlunarkraftar skulu stöðugt jafnaðir hvort heldur um er að ræða dráttartæki með festivagn (án hleðslu) eða dráttartæki án hleðslu. Hemlunarkraftar dráttartækis án hleðslu skulu sannprófaðir.

- 3.1.5.2. Dráttartæki með hlaðinn festivagn

Vagnalest með hleðslu er dráttartæki, tilbúið til aksturs, með ökumann innanborðs og tengt við festivagn með hleðslu. Hreyfiálag festivagnsins á dráttartækið skal táknað með stöðuþyngd sem beitt er á tengipinna og er jöfn:

$$P_s = P_{so}(1 + 0,45z)$$

þar sem P_{so} táknað mismun á milli á hámarksþyngdar dráttartækisins með og án hleðslu.

Eftirfarandi gildi skulu standa sem h: $h = \frac{h_o P_o + h_s P_s}{P}$

þar sem:

h_o er hæð þungamiðju dráttartækisins

h_s er hæð tengisins sem festivagninn hvílir á

P_o er þyngd dráttartækis án hleðslu

$$P = P_o + P_s = P_1 + P_2$$

- 3.1.5.3. Þegar ökutæki er með lofthemlakerfi skal ferillinn sem sýnir hemlunarhlutfallið TM/PM sem fall af þrýstingnum p_m vera innan þess svæðis sem sýnt er á skýringarmynd 3.

- 3.2. **Ökutæki sem hafa fleiri en tvo ása**

Kröfurnar í lið 3.1 skulu gilda um ökutæki sem hafa fleiri en tvo ása. Kröfum liðar 3.1.1

með tilliti til þess í hvaða röð hjólin læsast telst fullnægt þegar um er að ræða hemlunarhlutfall á milli 0,15 og 0,30 og veggrip a.m.k. eins framáss er meira en veggrip a.m.k. annars afturáss.

4. KRÖFUR FYRIR FESTIVAGNA

Fyrir festivagna með lofthemlakerfi:

Leyfileg vensl milli hemlunarhlutfallsins TR/PR og þrýstingsins p_m skulu liggja innan þeirra tveggja svæða sem eru sýnd á skýringarmyndum 4A og 4B fyrir álag með og án hleðslu. Þessari kröfu skal fullnægt við öll leyfileg hleðsluskilyrði á ása festivagnsins.

5. KRÖFUR FYRIR EFTIRVAGNA

- 5.1. Eftirfarandi kröfur gilda einungis um eftirvagna með lofthemlum. Þær gilda hvorki um hengivagna né tvíása eftirvagna þar sem ásbil er undir tveimur metrum.
- 5.2. Kröfurnar í lið 3.1 gilda um tvíása eftirvagna sem eru ekki undanskildir samkvæmt kröfunum í lið 5.1.
- 5.3. Eftirvagnar sem hafa fleiri en tvo ása skulu heyra undir kröfurnar í lið 3.2.

6. SKILYRÐI SEM BER AÐ UPPFYLLA EF BILUN VERÐUR Í HEMLUNARJÖFNUN

Þegar kröfur þessa viðbætis eru uppfylltar með því að nota sérstakan búnað (t.d. sem er stjórnað vélrænt með fjöðrunarbúnaði ökutækisins), skal vera unnt að stöðva ökutækið með þeim hætti sem lýst er fyrir neyðarhæmlun ef bilun verður í þessum búnaði eða stjórnþúnaði hans þegar um vélknúin ökutæki er að ræða; þegar um er að ræða eftirvagna og festivagna skal ná 30% af hemlunarhlutfalli aksturshemla umrædds ökutækis ef stjórnþúnaður bilar.

7. MERKINGAR

- 7.1. Ökutæki, önnur en úr flokki M_1 , sem fullnægja kröfum þessa viðbætis með hjálp búnaðar sem er stjórnað vélrænt með fjöðrunarbúnaði ökutækisins skulu vera með merkjum sem sýna stillingu búnaðarins þegar ökutækið er hlaðið, annars vegar, og óhlaðið hins vegar.
- 7.2. Þegar kröfur þessa viðbætis eru uppfylltar með hjálp þrýstiloftsknúins búnaðar skal merkja ökutækið þannig að þrýstingsgildi á úttakshlið búnaðarins sjáist þegar hembrað er að fullu bæði með og án hleðslu.
- 7.3. Merkingunum sem getið er um í liðum 7.1 og 7.2 hér að framan skal komið fyrir á óafmáanlegan hátt á áberandi stað.

8. SKOÐUN ÖKUTÆKIS

Í EBE-gerðarviðurkenningarprófun ökutækis skulu skoðunaryfirvöld staðfesta samræmi við kröfurnar í þessum viðbæti og framkvæma frekari prófanir ef þurfa þykir. Bæta skal skýrslu um viðbótarprófanir við EBE-gerðarviðurkenningavottorðið.

SKÝRINGARMYND 1 A
ÖKUTÆKI Í FLOKKI M₁
(sjá lið 3.1.1)

SKÝRINGARMYND 1 B

ÖNNUR ÖKUTÆKI EN Í FLOKKI M₁
(sjá lið 3.1.1)

SKÝRINGARMYND 2
DRÁTTARTÆKI OG EFTIRVAGNAR
(sjá lið 3.1.4.1)

með hleðslu

án hleðslu

(bör)

Athugasemd

Tekið skal fram að á milli gildanna $\frac{TM}{PM} = 0$ og $\frac{TM}{PM} = 0, 1$ eða $\frac{TR}{PR} = 0$ og $\frac{TR}{PR} = 0, 1$ er ekki krafist sérstakra tengsla á milli hemlunarhlutfallsins $\frac{TM}{PM}$ eða $\frac{TR}{PR}$ og þrýstings í stýrileiðslu sem mælist við slöngutengið.

SKÝRINGARMYND 3
DRÁTTARTÆKI FYRIR FESTIVAGNA
(sjá lið 3.1.5)

með hleðslu

án hleðslu

(bör)

Athugasemd

- (1) Á milli gildanna $\frac{TM}{PM} = 0$ og $\frac{TM}{PM} = 1$ er ekki krafist sérstakra tengsla á milli hemlunarhlutfallsins $\frac{TM}{PM}$ og þrýstings í stýrleiðslu sem mælist við slöngutengið.
- (2) Venslin sem sýnd eru á myndinni skulu gilda á hinum ýmsu hleðslustigum milli óhlaðins og hlaðins ökutækis og skal sú jöfnun hemlakrafts vera sjálfvirk.

SKÝRINGARMYND 4 A

FESTIVAGNAR
(sjá lið 4)

(bör)

Venslin milli hemlunarhlutfallsins $\frac{TR}{PR}$ og þrýstings í stýrileiðslu með og án hleðslu er ákvarðað á eftirfarandi hátt:

Stuðlarnir K_c (með hleðslu) og K_v (án hleðslu) eru ákvarðaðir með hliðsjón af skýringarmynd 4 B.

Efri og neðri mörk svæðisins á skýringarmynd 4A, fyrir ökutæki með og án hleðslu, eru fundin með því að margfalda með stuðlunum tveimur K_c og K_v eins og sýnt er hér á eftir.

SKÝRINGARMYND 4 B
(sjá lið 4)

Útskýringar varðandi notkun skýringarmyndar 4 B

1. Formúlan sem skýringarmynd 4 B er dregin af er:

$$K = \left[1, 7 - \frac{0, 7PR}{PR_{\max}} \right] \left[1, 35 - \frac{0, 96}{E_R} (1, 0 + (h_R - 1, 2) \frac{P}{PR}) - \left[1, 0 - \frac{PR}{PR_{\max}} \right] \left[\frac{h_R - 1, 0}{2, 5} \right] \right]$$

2. Lýsing á notkun skýringarmyndar 4 B með dæmi

- 2.1. Punktalínurnar á skýringarmynd 4 B eiga við ákvörðun stuðlanna K_c og K_v fyrir eftirfarandi ökutæki þar sem:

	Með hleðslu	Án hleðslu
P	24 t	4,2 t
PR	15 t	3 t
PR_{\max}	15 t	15 t
h_R	1,8 m	1,6 m
E_R	6,0 m	6,0 m

Í eftirfarandi liðum eiga tölurnar í svigum einungis við ökutæki sem notað er í þeim tilgangi að sýna notkun upplýsinganna á skýringarmynd 4 B.

- 2.2. Útreikningar á hlutföllum

- (a) $\left[\frac{P}{PR} \right]$ með hleðslu (= 1,6)
 (b) $\left[\frac{P}{PR} \right]$ án hleðslu (= 1,4)
 (c) $\left[\frac{PR}{PR_{\max}} \right]$ án hleðslu (= 0,2)

- 2.3. Ákvörðun á stuðlinum K_c , með hleðslu

- (a) Byrjið við raungildi h_R ($h_R = 1, 8m$)
 (b) Farið lárétt að viðkomandi P/PR línu ($P/PR = 1,6$)
 (c) Farið lóðrétt að viðkomandi E_R línu ($E_R = 6, 0$) m
 (d) Farið lárétt að K_c kvarðanum, K_c er sá hleðslustuðull sem krafist er ($K_c = 1, 04$).

- 2.4. Ákvörðun á stuðlinum K_v , án hleðslu

- 2.4.1. Ákvörðun á stuðlinum K_2

- (a) Byrjið við raungildi h_R ($h_R = 1, 4m$)
 (b) Farið lárétt að viðkomandi PR/PR_{\max} línu næst lóðrétt á ásum ($PR/PR_{\max} = 0, 2$) í ferlahópnum
 (c) Farið lóðrétt að lárétta ásum og lesið af gildið fyrir K_2 ($K_2 = 0, 13$) m).

- 2.4.2. Ákvörðun á stuðlinum K_2
- (a) Byrjið við raungildi h_R ($h_R = 1,4\text{m}$)
 - (b) Farið lárétt að viðkomandi P/PR línu ($P/PR = 1,4$)
 - (c) Farið lóðrétt að viðkomandi E_R línu ($E_R = 6,0\text{ m}$)
 - (d) Farið lárétt að viðkomandi PR/PR_{max} línu í þeim ferlahópi sem er lengst frá lóðrétta ásnum.
(PR/PR_{max} = 0,2)
 - (e) Farið lóðrétt að lárétta ásnum og lesið af gildið fyrir K_1 ($K_1 = 1,79\text{ m}$).
- 2.4.3. Ákvörðun á stuðlinum K_v
- Stuðullinn K_v , án hleðslu, fæst með eftirfarandi jöfnu:
- $$K_v = K_1 - K_2 \quad (K_v = 1,66).$$

IX VIÐAUKI

**FYRIRMYND AÐ SKÝRSLU VARDANDI EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKJA AÐ ÞVÍ
ER VARDAR HEMLUN**

Á eftir 17. lið skal eftirfarandi nýjum liðum 17 (a) og 17 (a) 1 bætt við:

- 17 (a) Dreifing hemlunar á ása ökutækisins.
 - 17 (a) 1 Uppfyllir ökutækið kröfurnar í viðbætinum (sjá lið 1.1.4.2) já/nei⁽⁴⁾.
-